

18.5.2015

Undirrituðum barst ósk frá Atvinnuveganefnd Alþingis um að gefa umsögn um tillögu til þingsályktunar um eflingu ísaldarurriðans í Þingvallavatni, 42. mál.

Undirritaður telur að hér sé um mjög mikilvægt og þarft mál að ræða og styður verkefnið í hvívetna. Tekið er undir lið nr. 4, þar sem gert er ráð fyrir að skoðað verði hvort æskilegt sé að samræma veiðireglur varðandi urriða fyrir allt Þingvallavatn og Efra Sog. Þetta er mjög brýnt og þarft. Slíkar reglur þyrftu að ná til takmörkunar á agni (t.d. að einungis yrði veitt á flugu) og setja stífar reglur um hámarksveiði og að sleppingar á stórum fiskum (t.d. að sleppa beri öllum fiskum stærri en 10 pund ... eða jafnvel að öllum fiskum sé sleppt).

Þegar kemur að skipan þess vinnuhóps sérfræðinga sem fram kemur í tillögunni, er ákaflega mikilvægt að í hópnum sé að finna fulltrúa veiðimanna. Bent er á (eins og fram kemur í greinagerð með tillögunni) að veiðimenn hafa komið að veiðivörslu til að sporna gegn veiðipjófnaði, með góðum árangri. Veiðimenn þekkja og skilja mikilvægi verndunaraðgerða eins og hér er um rætt og gætu svo sannarlega eft slíkan vinnuhóp og stuðlað að víðtæku og breiðu samstarfi um verkefnið. Þátttaka fulltrúa aðila s.s. Landssambands stangaveiðifélaga og Stangaveiðifélags Reykjavíkur, myndu án efa stykja slíkan vinnuhóp.

Virðingarfyllt,
Bjarni Júlíusson, stangaveiðimaður.

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 13.05.2015
Tilvísun vor: 00.11

Efni: **Umsögn um tillögu til þingsályktunar um eflingu ísaldarurriðans í Þingvallavatni, 42. mál**

Að beiðni nefndasviðs Alþingis sendir Landsvirkjun umsögn um tillögu til þingsályktunar um eflingu ísaldarurriðans í Þingvallavatni, 42. mál.

Landsvirkjun gerir engar efnislegar athugasemdir við tillöguna en bendir á að æskilegt gæti verið að kanna áhrif allra aðgerða á annað lífríki vatnsins.

Virðingarfyllt



Hörður Arnarson
forstjóri

19.5.2015

Stangaveiðifélagi Reykjavíkur (SVFR) barst ósk frá Atvinnuveganefnd Alþingis um að gefa umsögn um tillögu til þingsályktunar um eflingu ísaldarurriðans í Þingvallavatni. (42.mál)

SVFR telur að hér sé um mjög mikilvægt og þarft mál að ræða og styður verkefnið í heilshugar. Í lið nr. 4, þar sem gert er ráð fyrir að skoðað verði hvort æskilegt sé að samræma veiðireglur varðandi urriða fyrir allt Þingvallavatn og Efra Sog er SVFR algjörlega inn á þeirri línu. Slíkar reglur þyrftu að ná til takmörkunar á agni, helst að eingöngu yrði stunduð fluguveiði, þó mætti skoða veiðar með spún, og að sleppingar á stórum fiskum yrði gert að skyldu í öllu vatninu, t.d miðað við 70 cm og stærri.

Stangaveiðifélag Reykjavíkur er stærsta stangaveiðifélag á Íslandi, með um 3.500 félagsmenn. SVFR er helmingseigandi að Veiðikortinu ehf. sem fer með veiði fyrir landi Þjóðgarðs. Við teljum það skyldu allra stangveiðimanna að hlúa að stofni ísaldarurriðans í Þingvallavatni.

Þegar kemur að skipan þess vinnuhóps sérfræðinga sem fram kemur í tillögunni, er ákaflega mikilvægt að í hópnum sé að finna fulltrúa veiðimanna. Bent er á að veiðimenn hafa komið að veiðivörslu til að sporna gegn veiðiþjófnaði, með góðum árangri.

Stangaveiðifélag Reykjavíkur kemur þeirri ósk hér á framfæri að fá að eiga fulltrúa í vinnuhópnum ef því verður við komið.

Virðingarfyllt

Árni Friðleifsson

Formaður Stangaveiðifélags Reykjavíkur

Til atvinnuveganefndar Alþingis Umsögn um 42. mál á 144. löggjafarþingi

Sendandi:
Veiðifélag Þingvallavatns (kt. 590876-0389)
bt. Helgi Þórsson formaður
Kúrlandi 1
108 Reykjavík

Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu um eflingu ísaldarurriðans í Þingvallavatni, 42. mál á 144. löggjafarþingi 2014-2015, þingskjal 42

Í þingsályktunartillögunni er lagt til að forsætisráðherra setji á laggirnar vinnuhóp sérfræðinga sem kanni leiðir til að efla viðkomu ísaldarurriðans í vatnakerfi Þingvallavatns og skili niðurstöðum fljótt til ráðherra. Talin eru upp fjögur verkefni hópsins, en gert ráð fyrir að sá listi sé ekki tæmandi.

Stjórn Veiðifélags Þingvallavatns telur jákvætt að safnað sé saman þekkingu sem hefur þýðingu fyrir veiði í vatninu og að sú þekking verði notuð til að gera tillögur um aðgerðir til að byggja upp fiskistofna, líkt og fram kemur í þremur fyrstu töluliðum tillögunnar. Miðað við þann tíma sem vinnuhópnum er ætlaður til að skila niðurstöðum virðist ekki gert ráð fyrir að hópurinn sjálfur standi fyrir sérstökum rannsóknum, en vinnan gæti samt gefið gott yfirlit yfir hvað er vitað og hvað þarf að rannsaka betur.

Komi tillagan til framkvæmda er eðlilegt og gagnlegt að veiðifélagið eigi fulltrúa í vinnuhópnum.

Fjórða verkefnið í upptalningu í tillögunni er annars eðlis en hin fyrri. Veiðireglur, sem hér er fjallað um, eiga að lögum farveg í veiðifélögum, eins og fram kemur í 37. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði. Veiðifélag Þingvallavatns, sem setur almennar veiðireglur fyrir vatnið, hefur átt mikil og góð samskipti við fræðimenn, en félagið þarf þó á endanum sjálft að vege og meta mismunandi sjónarmið þeirra¹ þegar að veiðireglum kemur. **Stjórn Veiðifélags Þingvallavatns telur nauðsynlegt að fjórði töluliður verði felldur brott úr tillögunni.**

Gert 20. maí 2015
f.h. Veiðifélags Þingvallavatns

Helgi Þórsson

¹ Í greinargerð með tillögunni sjálfri segir: "Miklu meiri rannsókn er þörf til að skilja flókna stöðu urriðastofnanna í vatninu og skapa þannig betri grunn aðgerða til að byggja þá upp". Við þær aðstæður er ekki hægt að krefjast þess að fræðimenn séu sammála.